

Samkomulagið er af hálfu Dana háð þeim skilyrðum m. a. að virtar séu reglur er leiða af aðild Danmerkur að Efnahagsbandalagi Evrópu, þ. á m. viðvíkjandi flokkun, verðlagningu o. fl., svo og skal á tímabilinu 15. júní til 31. júlí einungis landa síld veiddri vestan línu er hugsast dregin milli Hanstholm- og Lindesnæs-vita.

Samkomulag þetta gildir til 31. desember 1974.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. mars 1974.*

**Einar Ágústsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 5.

30. apríl 1974.

## AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Með skírskotun til auglýsingar nr. 16/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 7. apríl 1974 gekk í gildi alþjóðasamningur, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, en um hann var fjallað í ofangreindri auglýsingu.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. apríl 1974.*

**Einar Ágústsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 6.

30. apríl 1974.

## AUGLÝSING

um samninga og yfirlýsingar Íslands, er varða vegabréfsáritanir fyrir ferðamenn.

1. Gagnkvæmt afnám vegabréfa: Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð.
2. Gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana miðað við 2—3 mánaða dvöl: Austurríki, Bahama, Barbados, Belgía, Brasilía, Bretland (þ. á m. eftirtaldar breskar nýlendur og landssvæði: Hong Kong, Bermúda-eyjar, Turks- og Caicos-eyjar, Caymaneyjar, Leeward-eyjar (Antigua, St.Kitts-Nevis, Anguilla, Montserrat og Virgin-eyjar), Windward-eyjar (Dominica, Grenada, St. Lucia og St. Vincent-eyjar), Breska Hondúras, St. Helena, Falklandseyjar, Vestur-Kyrrahafseyjar (Gilbert- og Ellice-eyjar og Bresku Soloman-eyjar), Brunei, Seychelles-eyjar, Gíbraltar og New Herbrides), Búlgaría, Chile, Fíji, Frakkland, Gambía, Grikkland, Guyana, Holland, Írland, Ísrael, Ítalía, Jamaica, Japan, Júgóslavía, Kanada,